

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfjarðarbæ samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

1. Umferð um **Hverfisgötu** hefur forgangsrétt fyrir umferð úr öllum götum, sem að henni liggja að Reykjavíkurvegi.
2. Umferð um **Hringbraut** hefur forgangsrétt fyrir umferð frá **Öldugötu** á mótum þessara gatna.
Framangreind ákvæði taka gildi, er varanlegri gatnagerð lýkur á áðurnefndum götum.
3. Umferð um **Vesturbraut** hefur forgangsrétt fyrir umferð frá **Vesturgötu** að vestan.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á **Suðurgötu** við skóla St. Jósephssystra.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 19. ágúst 1970.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp í Vonarstræti, Templarasundi og Óðinsgötu og verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. ágúst 1970.

Sigurjón Sigurðsson.